

Fjölmiðlar



Í sjálfsævisögu sinni segir Nelson Mandela forseti frá því þegar hann kom norður fyrir heimskautsbaug, til Gæsaflóa, og hitti þar hóp af ungum inúítum:

„.... þegar ég fór að tala við þetta skynsama unga fólk komst ég að því að það hafði fylgst með því í sjónvarpi þegar ég var leystur úr haldi og það þekkti til mála í Suður-Afríku. „Viva ANC!“ sagði eitt þeirra. Inúítar eru frumbyggjar sem um aldir hafa sætt illri meðferð hvíttra landnema; margt var líkt með aðstæðum svartra Suður-Afríkumanna og inúítapjóðarinnar. Það sem kom mér svo rækilega á óvart var hve heimurinn hafði minnkað þessa áratugi sem ég sat í fangelsi; mér fannst ótrúlegt að inúítaunglingur norður undir heimskautsbaug hefði getað fylgst með því þegar pólitískum fanga á suður-odda Afríku var sleppt úr haldi. Sjónvarpið hafði þjappað heiminum saman og var um leið orðið frábært tæki til að útrýma fáfræði og stuðla að lýðræði.“³⁶

Ferlið sem Mandela lýsir svo vel í þessari stuttu frásögn er hin hraðvaxandi útbreiðsla ýmissa fjölmiðla. Árið 1895 sendi Marconi fyrsta þráðlausu skeytið; tveimur áratugum áður hafði Edison fundið upp grammófóninn. Tæknilegar framfarir hafa orðið gífurlegar eftir að útvarp og sjónvarp var fundið upp og útsendingar hófust í þessum fjölmiðlum. Erfitt var að sjá fyrir núverandi form slíkra útsendinga í október 1957, en þá skutu sovéskir vísindamenn á loft fyrsta geimfarinu sem komst á sporbraut. Þetta var Sputnik, málmkúla sem var rúmur hálfur metri í þvermál, og var ætlað að mæla þéttleika efri laga lofthjúpsins. Útvarpað var frá þessum atburði og gervihnötturinn snerist um Jörðu í aðeins þrjá mánuði. Tólf árum seinna sendu Bandaríkjamenn út sjónvarpsmyndir af plánetu okkar svífandi úti í geimnum og af fyrsta mannum sem steig fæti á tunglið.

Nú er hugmyndin um „einn heim“ og samskipti um gervihnetti á sporbraut í lykilhlutverki þegar horft er til lausna á alþjóðlegum vandamálum og málum einstakra landa. Fyrsta alþjóðlega gervihnattakerfinu, Intelsat, var komið á árið 1965. Síðan þá hafa geimaldarfarskipti, upplýsingatækni og stafræn tækni runnið saman við hina hefðbundnu „fjölmiðla“ og fært mönnum ný verkfæri – allt frá hinum einfalda farsíma til Netsins – sem auka þeim skilning, gera þeim kleift að tjá skoðanir sínar, eiga samskipti við aðra og átta sig á breytingum og bregðast við þeim.

Tengd verkefni

- Teiknaðu orðið, bls. 154.
- Mannréttindafrömuðir, bls. 165.
 - Forsíða, bls. 109.
- Myndaleikir, bls. 184.
- Áhrif Netsins, bls. 87.
- Þegar morgunn rís, bls. 256.

Gjörbylting hefur orðið á því hvernig við skynjum breytingar í fjölmiðlaheiminum. Það tók útvarpið 38 ár að ná til 50 milljóna notenda, sjónvarpið 13 ár og einkatölvuna 16 en Netið aðeins fjögur ár.

Brýn verkefni í heimi fjölmiðla

Menningar- og þróunarnefnd UNESCO, sem vinnur að því að greina stefnur og strauma í nútímasamskiptum og hið stóra hlutverk vestrænnar menningar í hnattvæðingunni, lýsir nýju tækninni þannig að með henni opnast fjölmiðlunum ótakmarkaðir möguleikar. Hefðbundin ritskoðun hefur orðið sífellt torveldari, fjölmiðlarnir geta eftt alþjóðlega samstöðu og margmiðlunartæknin skapar ný tækifæri til listrænnar og persónulegrar tjáningar. Þar sem svo auðvelt er að fjölfalda efni og dreifa því er orðið miklu erfiðara fyrir stjórnvöld að stýra upplýsingunum sem fólki berast – hvað þá að ritskoða þær. Fjölmiðlar nútímans hjálpa til við að halda uppi fjöldahreyfingum og upplýsa borgarana. Þeir styrkja einnig tilfinningu manna fyrir alþjóðasamstöðu, en án hennar gætu engar alþjóðlegar siðareglur skapast. „Myndir í fjölmiðlum af mannlegri neyð hafa orðið til þess að fólk sýnir íbúum fjarlæggra staða samúð og samstöðu með því að leggja sitt af mörkum til hjálparstarfs og með því að krefja stjórnvöld um útskýringar og aðgerðir.“

Einnig verður að benda á neikvæðar hliðar. Ef til vill er það vanáætlað að segja að nú séu yfir 100 fréttamenn í fangelsum í yfir 20 löndum fyrir að hafa notað sjálfsgaðan rétt sinn til tjáningarfrelsis, svo að ekki sé minnst á þá sem hafa golið fyrir starf sitt með lífi sínu.

Þá verður að nefna þann vanda sem skapast af ójöfnum aðstæðum. Hvernig getur samskiptabyltingin náð til milljarða fólks víða í þróunarlöndunum þar sem ekkert rafmagn er? Það fólk hefur ekki enn getað nýtt sér upplýsingabyltinguna. Þeir sem njóta hennar eru í minnihluta, aðallega íbúar þróuðu landanna og borgarbúar í öðrum löndum, sem geta átt þess kost að tengjast gervihnattasjónvarpi eða alþjóðlegu upplýsinganetunum.

Lykildagsetningar

21. nóvember
Alþjóðadagur sjónvarpsins

17. maí
Alþjóðadagur fjarskiptatækinnar

Vissir þú að ...

Í þróunarlöndunum er veiki hlekkurinn í samskiptakeðjunni oft „síðasti spölurinn“ frá miðstöðinni á svæðinu heim í hús. Sum Afrikulönd eru raunar svo langt á eftir í fjarskiptum að þar er minna en ein símalína á hverja þúsund íbúa. Með öðrum orðum, það eru fleiri símar í Tókýó eða á Manhattan en í allri Afríku. Í þróunarskýrslu frá árinu 1999 var gerður rækilegur samanburður á tiltækum símalínum, sjónvarpstækjum, faxtækjum, einkatölvum og netáskriftum í löndum heims. Í þróuðu löndunum voru að meðaltali 502 símalínur, 595 sjónvarpstæki, 45 faxtæki, 204 einkatölvur og 35 netáskriftir á hverja 1000 íbúa en í fátækari löndunum áttu hverjir 1000 íbúar að meðaltali kost á fjórum símalínum, 36 sjónvarpstækjum, 0,2 faxtækjum og einkatölvueign eða netaðgangur mældist ekki. Sem stendur er útvarpið eini miðillinn sem hefur viðunandi útbreiðslu um allan heim og hentar einnig ólæsu fólki.

Hvaða áhrif hafa þessar hröðu breytingar á það hvernig við skynjum heimsviðburði?

Benda má á þrjú mikilvæg atriði sem sýna breytt eðli fjölmiðlanna:³⁷

1. Hröð þróun fjarskipta og miðlunartækni hefur breytt sjálfu eðli fjölmiðlanna. Þeir eru sjálfir orðnir óaðskiljanlegur þáttur í þeim atburðum sem gerast. Beinir útsendingar hafa orðið að nýrri tegund viðburða. Dæmi um þetta eru landtaka bandaríska flotans í Sómalíu og á Háiti og árásin á Beli-dómkirkjuna og Ostankino-sjónvarpsstöðina í Moskvu.
2. Stjórnámamenn hafa mikil og skaðleg áhrif á fjölmiðlana í löndum þar sem ekki er lýðræði og þar sem það er veikt. Í lýðræðisþjóðfélögum reyna stjórnámamenn af öllum mætti að hafa áhrif á fjölmiðlana með áróðri. Á hinn bóginn geta fjölmiðlarnir

„Allir skulu frjálsir skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur sá réttur í sér frelsi til að hafa skoðanir óáreittur og að leita, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra“.

Mannréttindayfirlýsing
Sameinuðu þjóðanna 19. grein.

- sjálfir haft æ djúpstæðari áhrif á hegðun og ákvarðanir stjórnmalamanna.
- Auglýsingavæðingin gerir dagskrána einsleitari og dregur úr gerð dagskrárefnis sem tengist minnihlutahópum, mismunandi menningarhópum og menningarkimum. Eltingaleikurinn við hærri áhorfstölur endurspeglast í fréttáflutningnum. Framsetning fréttu, valið á þeim brotum úr raunveruleikanum sem fjölmiðlarnir sýna viðtakendum sínum, snýst í síauknum mæli um það sem er fáfengilegt, afkárlegt og hneykslanlegt. Af þessu leiðir að raunverulegar fréttir fá minna rúm í fjölmiðlunum. Fjárveitingar til opinberra útvarps- og sjónvarpsstöðva dragast saman og þær eru nú knúnar til að afla tekna með auglýsingum. Þegar þetta gerist er það almenningur sem tapar mestu – hann fer á mis við traustar upplýsingar.

11. grein Evrópusáttmálans um svæðisbundin eða minnihlutatungumál (1992) – fjölmiðlar

„Gagnvart notendum svæðisbundinna tungumála og tungumála minnihlutahópa á landsvæðum þar sem þessi tungumál eru töluð og í samræmi við stöðu hvers tungumáls, skuldbinda samningsaðilar sig til þess, að því marki sem opinber yfirvöld eru til þess bær, beint eða óbeint, hafa til þess umboð eða láta til sín taka á þessu sviði og á grundvelli meginreglunnar um sjálfstæði og sjálfræði fjölmiðla:

- a - að því marki sem hljóðvarp og sjónvarp hafa opinbera þjónustuskýldu:
- i. - að tryggja að komið verði á fót a.m.k. einni hljóðvarpsstöð og einni sjónvarpsrás á svæðisbundnum tungumálum og tungumálum minnihlutahópa; eða
- ii - að hvetja til þess og/eða greiða fyrir því að komið verði á fót a.m.k. einni hljóðvarpsstöð og einni sjónvarpsrás á svæðisbundnum tungumálum og tungumálum minnihlutahópa; eða
- iii - að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að útvarpsstöðvar sendi út dagskrárliði á svæðisbundnum tungumálum og tungumálum minnihlutahópa.“

Þörf á öðrum kostum

Það er einkum á tímum spennu og stríðsátaka, eins og þeirra sem hafa bitnað á Balkanþjóðunum, sem „nýjar leiðir fyrir frjálst flæði upplýsinga gætu og ættu að stuðla að fjölhyggju, efnahagslegri og félagslegri þróun, lýðræði og friði ... Námskeið um siðfræði fréttamennsku ættu að vekja fréttamenn til vitundar um fordóma og mismunun“.³⁸

Ein af fremstu Netgáttunum sem koma á framfæri upplýsingum um mannréttindi, One World (www.oneworld.net), hefur tekið saman fjögur helstu vandamál sem lýðræði í fjölmiðlum stendur frammi fyrir:

1. *Málfrelsi.* Umræðan um lýðræði fjölmiðlanna hefur í árána rás beinst að tjáningarfrelsinu. Á tímum kalda stríðsins gerðu vestræn stjórnvöld sérstaklega mikið úr ritskoðun ríkjanna í Sovétblokkinni og báru saman við frelsið sem þau töldu eigin fjölmiðla njóta. En þó að margir í heiminum njóti enn ekki málfrelsis hefur ofuráhersla á það leitt athyglina frá málefnum sem eru jafnvel enn mikilvægari fjölmiðlalýðræðinu í mörgum löndum núna.
2. *Raddir heyrist.* Í fjölmiðlum er lýðræði ekki bara það „að geta sagt það sem maður vill“. Lýðræði fjölmiðla snýst um það að raddir heyrist – að hlustað sé á mann. Tæknin hefur gert það auðveldara en nokkru sinni fyrr að gefa út eigin tímarit (eða búa til fréttabætti), en jafnframt er orðið erfiðara en nokkru sinni fyrr að ná eyrum viðtakenda. Jafnvel þó að tækist að koma slíku tímariti inn í þær fáu sjálfstæðu verslanir sem enn eru opnar, og vildu taka við því, er staðreyndin sú að sé ekki hægt að verja milljónum í auglýsingar árlega taka aðeins örfáir eftir því.

3. **Eignarsambjöppun.** Lúmskari ritskoðun á sér stað þegar auðvaldshringir stuðla í sameiningu að því að hugmyndir þeirra verði ríkjandi. Yfirráð yfir öflugustu fjölmiðlatakninni eru enn á höndum fárra (innan landa eða í heiminum), í einkaeigu eða einukuð af stjórnvöldum. Meirihluti fjölmiðlafyrirtækja er því í eigu örfárra rísa í þessum geira. Hvort heldur sem er í einstökum löndum eða á alþjóðavettvangi stjórna þessir einokunarhringar í æ ríkara mæli þeirri mynd sem mótar skilning okkar á heiminum. Í stað raunverulegrar lýðræðislegrar fjölbreytni eru okkur boðnar endalausar útgáfur af sömu vörunni (í örlítið breyttum umbúðum).
4. **Öryggið á oddinn.** Þessi fábreytni hefur alvarlegar afleiðingar því að sífellt erfiðara verður að láta þær raddir heyrast sem ekki fylgja meginstraumi fjölmiðlanna. Hversu mikla umfjöllun fengu þau hundruð þúsunda íbúa Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu sem mótmæltu árásum landa sinna á Írak í Persaflóastríðinu? Takmarkað lýðræði fjölmiðla leiðir til takmarkaðs lýðræðis í stjórnámálum því að þess er vísitandi gætt að aðrar hugmyndir fangi ekki athygli almennings (einkum ef þær gætu móðgað auglýsendur).

Tjáningsarfrelsi – enn er langt í land

„Margir fréttamenn um heim allan, einnig í Evrópu, eru enn áreittir, lögsóttir og jafnvel myrtir þegar þeir reyna að upplýsa mál sem varða hag almennings, sagði framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Walter Schwimmer, í yfirlýsingu í tilefni af alþjóðadegi fjölmiðlafrelsis (3. maí 2001).“³⁹

Eignarsambjöppun

„Tveir eigendur kjarnorkuvera eiga tvö af kapalsjónvarpskerfum Bandaríkjanna - General Electric á NBC og Westinghouse á CBS. Þriðja kerfið á teiknimyndafyrirtæki: Disney á ABC,“ benti bandaríski forsetaframbjóðandinn Ralph Nader á. Einn auglýsingaseljandi getur nú ráðið 40% af markaðnum. Sú sambjöppun valds sem varð með samruna American On Line (AOL), Time Warner og Turner samstæðunnar vekur upp ugg um menningarlegt einræði.



Telur þú að stöðug síbylja auglýsinga og áróðurs í fjölmiðlum geri okkur óhæf til að taka sjálfstæðar ákvarðanir?



Telur þú að ofbeldisfullt sjónvarpsefni eða efni litað af kynþáttafordómum, sem börn horfa á, geti haft áhrif á hugarfar þeirra og viðhorf?

Frjáls félagasamtök og fjölmiðlar

1. Baltic Media Centre (Fjölmiðlamiðstöð Eystrasaltslanda) er stofnun í almannabágu sem vinnur að lýðræði, félagslegri þróun og friðsamlegri alþjóðasamvinnu með virkri þátttöku fjölmiðla, www.bmc.dk
2. AIM (Alternativna Informativna Mreža) er net óháðra fréttamanna í fyrrum Júgóslavíu og syðri Balkanlöndum sem veitir greinargóðar upplýsingar á tungumálum viðkomandi landa auk ensku. www.aimpress.ch/
3. Reporters sans Frontières (Fréttamenn án landamæra) eru samtök sem veita upplýsingar um fréttamenn um allan heim sem hafa verið opinskáir í fréttaflutningi og eru því ofsóttir. Þau skipuleggja herferðir með undirskriftalistum og bréfasendingum þeim til varnar. Nánari upplýsingar eru á www.rsf.org

Heimildir

Human Development Report 1999, *United Nations Development Programme*, www.undp.org

Human Development Report 2001, *United Nations Development Programme*, www.undp.org
www.coe.int/media

Our creative diversity, *report of the World Commission on Culture and Development*, Unesco, 1995.

World Communication and Information Report, *Unesco publishing*, 1999.